

## Fundargerð 12. fundar stjórnar SSA haldinn 2. maí 2025

Fundurinn haldinn á Teams og hófst 11:30.

**Mættir stjórnarmenn Austurbrúar voru:** Berglind Harpa Svavarsdóttir (formaður), Puríður Lilly Sigurðardóttir, Eyþór Stefánsson, Stefán Þór Eysteinnsson og Axel Örn Sveinbjörnsson. Jóhann Frímann Þórhallsson sat fundinn sem áheyrnarfulltrúi.

**Mætt frá Austurbrú:** Bryndís Fiona Ford, framkvæmdastjóri, Valdís Vaka Kristjánsdóttir, verkefnastjóri fjármála, Urður Gunnarsdóttir, verkefnastjóri SSA, og Jón Knútur Ásmundsson (fundarritari).

**Gestir:** Magnús Jónsson og Ingimar Guðmundsson frá KPMG

### 1. Ársreikningur SSA

- Magnús Jónsson endurskoðandi hjá KPMG fór yfir ársreikning SSA sem í beinu framhaldi var lagður fram til umræðu og afgreiðslu stjórnar. Stjórn samþykkti ársreikninginn samhljóða, staðfesti með rafrænni undirskrift og vísaði áfram til fjárhagsnefndar.

### 2. Minningarsjóður Ragnildar B. Metúsalemsdóttur og Stefáns Péturssonar

- Þá var jafnframt kynntur ársreikningur Minningarsjóðs Ragnildar B. Metúsalemsdóttur og Stefáns Péturssonar. Stjórn samþykkti ársreikninginn samhljóða, staðfesti með rafrænni undirskrift og vísaði einnig áfram til fjárhagsnefndar.

### 3. Fjárhagsáætlun SSA og árgjöld

- Verkefnastjóri fjármála kynnti uppfærða fjárhagsáætlun fyrir árið 2025 og áætlun fyrir árið 2026 ásamt árgjöldum sveitarfélaga 2026. Stjórn vísar málinu áfram til fjárhagsnefndar til frekari vinnslu.

### 4. Önnur mál

- Verkefnastjóri SSA kynnti fyrir stjórn og gerði grein fyrir fyrirkomulagi og framkvæmd þess dagskrárliðar aðalfundar er tekur til breytinga á samþykktum sambandsins.

Fundið slitið 12:10.

## Undirritunarsíða

Berglind Harpa Svavarsdóttir

Þuríður Lillý Sigurðardóttir

Stefán Þór Eysteinnsson

Eyþór Stefánsson

Axel Örn Sveinbjörnsson

Jóhann Frímann Þórhallsson